

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um tilraunaverkefni um ágústfrístund fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu

Lagt er til að hefja tilraunaverkefni um ágústfrístund frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að velja starfsstöðvar til að taka þátt í tilraunverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Verkefnið hefjist í ágúst 2023 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið. Lagt er til að stofnaður verði innleiðingarhópur sem undirbúi og haldi utan um verkefnið. Í innleiðingarhópnum verði fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk fulltrúa frá fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs.